

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um þvingunaraðgerðir varðandi Úkraínu nr. 281/2014.

1. gr.

Þvingunaraðgerðir.

Á eftir 28. tölul. 1. mgr. 2. gr. reglugerðar um þvingunaraðgerðir varðandi Úkraínu nr. 281/2014, ásamt síðari breytingum, komi eftirfarandi töluliðir sem hljóði svo:

- 29) Ákvörðun ráðsins 2014/658/SSUÖ frá 8. september 2014 um breytingu á ákvörðun 2014/145/SSUÖ um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu.
- 30) Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) nr. 961/2014 frá 8. september 2014 um framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 269/2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu.
- 31) Ákvörðun ráðsins 2014/659 frá 8. september 2014 um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu.
- 32) Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 959/2014 frá 8. september 2014 um breytingu reglugerðar (ESB) nr. 269/2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu.
- 33) Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 960 frá 8. september 2014 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 833/2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu.

2. gr.

Fylgiskjöl.

Gerðir sem vísað er til í 29.-33. tölul. eru birtar sem fylgiskjöl 1-5 við reglugerð þessa.

3. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 4. og 12. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008, öðlast þegar gildi.

Utanríkisráðuneytinu, 27. janúar 2015.

Gunnar Bragi Sveinsson.

Stefán Haukur Jóhannesson.

Fylgiskjal 1.**ÁKVÖRDUN RÁÐSINS 2014/658/SSUÖ****frá 8. september 2014****um breytingu á ákvörðun 2014/145/SSUÖ um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu.**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 17. mars 2014 samþykkti ráðið ákvörðun 2014/145/SSUÖ (¹).
- 2) Hinn 30. ágúst 2014 lýsti leiðtoga ráðið yfir áhyggjum sínum af yfirstandandi og sífellt harðari bardögum í austanverðri Úkraínu og fór fram á að sett yrði nýtt ákvæði um skráningu allra einstaklinga og stofnana, sem eiga samskipti við hópa aðskilnaðarsinna í Donbass-héraði, á lista.
- 3) Einnig telur ráðið að rétt sé að bæta fleiri einstaklingum og lögaðilum á listann yfir aðila, rekstrareiningar og stofnanir sem falla undir þvingunaraðgerðir sbr. viðaukann við ákvörðun 2014/145/SSUÖ.
- 4) Með tilliti til þess að stöðugt er grafið undan landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu eða þeim ógnað ætti að endurnýja ákvörðun 2014/145/SSUÖ um sex mánuði til viðbótar.
- 5) Breyta ber ákvörðun 2014/145/SSUÖ til samræmis við það.
- 6) Frekari aðgerða er þörf af hálfu Evrópusambandsins til þess að hrinda þessum aðgerðum í framkvæmd.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á ákvörðun 2014/145/SSUÖ:

- 1) Í stað 1. mgr. 1. gr. komi eftirfarandi:

„1. Aðildarríki skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að hindra að inn á yfirráðasvæði þeirra komi eða um þau fari:

- a) einstaklingar sem bera ábyrgð á, styðja með virkum hætti eða framkvæma aðgerðir eða stefnur, sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu eða stöðugleika eða öryggi í Úkraínu, eða sem hindra starf alþjóðastofnana í Úkraínu, og einstaklingar sem þeim tengjast,
- b) einstaklingar sem styðja með virkum hætti, efnislega eða fjárhagslega, rússneska ákvarðanatökuaðila, sem bera ábyrgð á innlimun Kríms eða því að grafa undan stöðugleika í austanverðri Úkraínu, eða sem hagnast á þeim,
- c) einstaklingar, sem stunda viðskipti við hópa aðskilnaðarsinna í Donbass-héraði í Úkraínu, sem skráðir eru í viðauka.“

- 2) Í stað 1. mgr. 2. gr. komi eftirfarandi:

„1. Frysta ber alla fjármuni og efnahagslegan auð sem tilheyra eða eru í eigu, í vörslu eða undir stjórn:

- a) einstaklinga sem bera ábyrgð á, styðja með virkum hætti eða framkvæma aðgerðir eða stefnur, sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu eða stöðugleika eða öryggi í Úkraínu, eða sem hindra starf alþjóðastofnana í Úkraínu, og einstaklinga eða lögaðila, rekstrareininga eða stofnana sem þeim tengjast,
- b) lögaðila, rekstrareininga eða stofnana sem styðja efnislega eða fjárhagslega aðgerðir sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu,
- c) lögaðila, rekstrareininga eða stofnana á Krím eða í Sevastopol, þar sem eignarhald hefur verið yfirfært í trássi við úkraínsk lög, eða lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir sem hafa hagnast á slíkri yfirfærslu,
- d) einstaklinga eða lögaðila, rekstrareininga eða stofnana, sem styðja með virkum hætti, efnislega eða fjárhagslega, rússneska ákvarðanatökuaðila, sem bera ábyrgð á innlimun Kríms eða því að grafa undan stöðugleika í austanverðri Úkraínu, eða sem hagnast á þeim, eða
- e) einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga eða stofnana sem stunda viðskipti við hópa aðskilnaðarsinna í Donbass-héraði í Úkraínu,

sem skráð eru í viðaukanum.“

3) Í stað annarrar málsgreinar 6. gr. komi eftirfarandi:

„Ákvörðun þessi gildir til 15. mars 2015.“

2. gr.

Bæta skal aðilunum og rekstrareiningunum, sem skráð eru í viðaukanum við þessa ákvörðun, við listann í viðaukanum við ákvörðun 2014/145/SSUÖ.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Gjört í Brussel 8. september 2014.

Fyrir hönd ráðsins,

S. GOZI

forseti.

(¹) Ákvörðun ráðsins 2014/145/SSUÖ frá 17. mars 2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu (Stjtíð. ESB L 78, 17.3.2014, bls. 16).

VIÐAUKI

Skrá yfir aðila og rekstrareiningar sem um getur í 2. gr.

	Heiti	Upplýsingar til auðkenningar	Ástæður	Dagsetning færslu á lista
1.	Alexander ZAKHARCHENKO Александр Владимирович Захарченко	Born in 1976 in Donetsk	As of 7 August, he replaced Alexander Borodai as the so-called 'Prime minister' of the so-called 'Donetsk People's Republic'. In taking on and acting in this capacity, Zakharchenko has supported actions and policies which undermine the territorial integrity, sovereignty and independence of Ukraine.	12.9.2014
2.	Vladimir KONONOV/aka 'Tsar' Владимир Петрович Кононов	Born on 14.10.1974 in Gorsky	As of 14 August, he replaced Igor Strelkov/Girkin, as the so-called 'Defence minister' of the so-called 'Donetsk People's Republic'. He has reportedly commanded a division of separatist fighters in Donetsk since April and has promised to solve the strategic task of repelling Ukraine's military aggression. Kononov has therefore supported actions and policies which undermine the territorial integrity, sovereignty and independence of Ukraine.	12.9.2014
3.	Miroslav Vladimirovich RUDENKO Мирослав Владимирович Руденко	21.1.1983 in Debalcevo	Commander of the Donbass People's Militia. He has inter alia stated that they will continue their fighting in the rest of the country. Rudenko has therefore supported actions and policies which undermine the territorial integrity, sovereignty and independence of Ukraine.	12.9.2014
4.	Gennadiy Nikolaiovich TSYPKALOV Геннадий Николаевич Цыпкалов.	Born on 6.21.1973	Replaced Marat Bashirov as so-called 'Prime Minister' of the so-called 'Lugansk People's Republic'. Previously active in the militia Army of the Southeast. Tsyplakov has therefore supported actions and policies which undermine the territorial integrity, sovereignty and independence of Ukraine.	12.9.2014

5.	Andrey Yurevich PINCHUK Андрей Юрьевич ПИНЧУК		'State security minister' of the so-called 'Donetsk People's Republic'. Associated with Vladimir Antyufeyev, who is responsible for the separatist 'governmental' activities of the so called 'government of the Donetsk People's Republic'. He has therefore supported actions and policies which undermine the territorial integrity, sovereignty and independence of Ukraine.	12.9.2014
6.	Oleg BEREZA Олег БЕРЕЗА		'Internal affairs minister' of the so-called 'Donetsk People's Republic'. Associated with Vladimir Antyufeyev, who is responsible for the separatist 'governmental' activities of the so called 'Government of the Donetsk People's Republic'. He has therefore supported actions and policies which undermine the territorial integrity, sovereignty and independence of Ukraine.	12.9.2014
7.	Andrei Nikolaevich RODKIN Андрей Николаевич Родкин		Moscow Representative of the so called 'Donetsk People's Republic'. In his statements, he has inter alia talked about the militias' readiness to conduct a guerrilla war and their seizure of weapon systems from the Ukrainian armed forces. He has therefore supported actions and policies which undermine the territorial integrity, sovereignty and independence of Ukraine.	12.9.2014
8.	Aleksandr KARAMAN Александр караман		'Deputy Prime Minister for Social Issues' of the so called 'Donetsk People's Republic'. Associated with Vladimir Antyufeyev, who is responsible for the separatist 'governmental' activities of the so called 'Government of the Donetsk People's Republic'. He has therefore supported actions and policies which undermine the territorial integrity, sovereignty and independence of Ukraine. Protégé of Russia's Deputy Prime Minister Dmitry Rogozin.	12.9.2014
9.	Georgiy L'vovich MURADOV Георгий Львович Мурадов	Born on 19.11.1954	So called 'Deputy Prime Minister' of Crimea and Plenipotentiary Representative of Crimea to President Putin. Muradov has played an important role in consolidating Russian institutional control over Crimea since the illegal annexation. He has therefore supported actions and policies which undermine the territorial integrity, sovereignty and independence of Ukraine.	12.9.2014
10.	Mikhail Sergeyevich SHEREMET Михаил Сергеевич Шеремет	Born on 23.5.1971 in Dzhankoy	So called 'First Deputy Prime Minister' of Crimea. Sheremet played a key role in the organization and implementation of the 16 March referendum in Crimea on unification with Russia. At the time of the referendum, Sheremet reportedly commanded the pro-Moscow 'self-defense forces' in Crimea. He has therefore supported actions and policies which undermine the territorial integrity, sovereignty and independence of Ukraine.	12.9.2014
11.	Yuri Leonidovich VOROBIOV Юрий Леонидович Воробьев	Born on 2.2.1948 in Krasnoyarsk	Deputy Speaker of the Federation Council of the Russian Federation On 1 March 2014 Vorobiov publicly supported in the Federation Council the deployment of Russian forces in Ukraine. He subsequently voted in favour of the related decree.	12.9.2014

12.	Vladimir Volfovich ZHIRINOVSKY Владимир Вольфович Жириновски	Born on 10.6.1964 in Eidelstein, Kazakhstan	Member of the Council of the State Duma; leader of the LDPR party. He actively supported the use of Russian Armed Forces in Ukraine and annexation of Crimea. He has actively called for the split of Ukraine. He signed on behalf of the LDPR party he chairs an agreement with the so- called, 'Donetsk People's Republic'.	12.9.2014
13.	Vladimir Abdualiyevich VASILYEV Владимир Абдуалиевич Васильев	Born on 11.8.1949 in Klin	Deputy Speaker of the State Duma. On 20 March 2014 he voted in favour of the draft Federal Constitutional Law 'on the acceptance into the Russian Federation of the Republic of Crimea and the formation within the Russian Federation of new federal subjects- the republic of Crimea and the City of Federal Status Sevastopol'.	12.9.2014
14.	Viktor Petrovich VODOLATSKY Виктор Петрович Водолацкий	Born on 19.8.1957 in Azov Region.	Chairman ('ataman') of the Union of the Russian and Foreign Cossack Forces, and deputy of the State Duma. He supported the annexation of Crimea and admitted that Russian Cossacks were actively engaged in the Ukrainian conflict on the side of the Moscow-backed separatists. On 20 March 2014 he voted in favour of the draft Federal Constitutional Law 'on the acceptance into the Russian Federation of the Republic of Crimea and the formation within the Russian Federation of new federal subjects- the republic of Crimea and the City of Federal Status Sevastopol'.	12.9.2014
15.	Leonid Ivanovich KALASHNIKOV Леонид Иванович Калашников	Born on 6.8.1960 in Stepnoy Dvorets	First deputy Chairman of the Committee on Foreign Affairs of the State Duma. On 20 March 2014 he voted in favour of the draft Federal Constitutional Law 'on the acceptance into the Russian Federation of the Republic of Crimea and the formation within the Russian Federation of new federal subjects- the republic of Crimea and the City of Federal Status Sevastopol'.	12.9.2014
16.	Vladimir Stepanovich NIKITIN Владимир Степанович Никитин	Born on 5.4.1948 in Opochka	First Deputy Chairman of the Committee on Relations with CIS Countries, Eurasian Integration and Links with Compatriots of the State Duma. On 20 March 2014 he voted in favour of the draft Federal Constitutional Law 'on the acceptance into the Russian Federation of the Republic of Crimea and the formation within the Russian Federation of new federal subjects- the republic of Crimea and the City of Federal Status Sevastopol'.	12.9.2014
17.	Oleg Vladimirovich LEBEDEV Олег Владимирович Лебедев	Born on 21.3.1964 in Orel/Rudny	First Deputy Chairman of the Committee on Relations with CIS Countries, Eurasian Integration and Links with Compatriots of the State Duma. On 20 March 2014 he voted in favour of the draft Federal Constitutional Law 'on the acceptance into the Russian Federation of the Republic of Crimea and the formation within the Russian Federation of new federal subjects- the republic of Crimea and the City of Federal Status Sevastopol'.	12.9.2014
18.	Ivan Ivanovich MELNIKOV Иван Иванович Мельников	Born on 7.8.1950 in Bogoroditsk	First Deputy Speaker, State Duma. On 20 March 2014 he voted in favour of the draft Federal Constitutional Law 'on the acceptance into the Russian Federation of the Republic of Crimea and the formation within the Russian Federation of new federal subjects- the republic of Crimea and the City of Federal Status Sevastopol'.	12.9.2014

19.	Igor Vladimirovich LEBEDEV Игорь Владимирович Лебедев	Born on 27.9.1972 in Moscow	Deputy Speaker, State Duma. On 20 March 2014 he voted in favour of the draft Federal Constitutional Law 'on the acceptance into the Russian Federation of the Republic of Crimea and the formation within the Russian Federation of new federal subjects- the republic of Crimea and the City of Federal Status Sevastopol'.	12.9.2014
20.	Nikolai Vladimirovich LEVICHEV Николай Владимирович Левичев	Born on 28.5.1953 in Pushkin	Deputy Speaker, State Duma. On 20 March 2014 he voted in favour of the draft Federal Constitutional Law 'on the acceptance into the Russian Federation of the Republic of Crimea and the formation within the Russian Federation of new federal subjects- the republic of Crimea and the City of Federal Status Sevastopol'.	12.9.2014
21.	Svetlana Sergeevna ZHUROVA Светлана Сергеевна Журова	Born on 7.1.1972 in Pavlov-on-the-Neva	First Deputy Chairman of the Committee on Foreign Affairs, State Duma. On 20 March 2014 he voted in favour of the draft Federal Constitutional Law 'on the acceptance into the Russian Federation of the Republic of Crimea and the formation within the Russian Federation of new federal subjects- the republic of Crimea and the City of Federal Status Sevastopol'.	12.9.2014
22.	Aleksey Vasilevich NAUMETS Алексей Васильевич Наумец	Born on 11.2.1968	Major-general of the Russian Army. He is the commander of the 76th airborne division which has been involved in the Russian military presence on the territory of Ukraine, notably during the illegal annexation of Crimea.	12.9.2014
23.	Sergey Viktorovich SHEMEZOV Сергей Викторович Чемезов	Born on 20.8.1952 in Cheremkhovo	Sergei Chemezov is one of President Putin's known close associate, both were KGB officers posted in Dresden and he is a member of the Supreme Council of 'United Russia'. He is benefiting from his links with the Russian President by being promoted to senior positions in State-controlled firms. He chairs the Rostec conglomerate, the leading Russian state-controlled defence and industrial manufacturing corporation. Further to a decision of the Russian government, Technopromexport, a subsidiary of Rostec, is planning to build energy plants in Crimea thereby supporting its integration into the Russian Federation. Furthermore, Rosoboronexport, a subsidiary of Rostec, has supported the integration of Crimean defence companies into Russia's defence industry, thereby consolidating the illegal annexation of Crimea into the Russian Federation.	12.9.2014
24.	Alexander Mikhailovich BABAKOV Александр Михайлович Бабаков	Born on 8.2.1963 in Chisinau	State Duma Deputy, Chair of the State Duma Commission on Legislative Provisions for Development of the Military-Industrial Complex of the Russian Federation. He is a prominent member of 'United Russia' and a businessman with heavy investments in Ukraine and in Crimea. On the 20 March 2014 he voted in favour of the draft Federal Constitutional Law 'on the acceptance into the Russian Federation of the Republic of Crimea and the formation within the Russian Federation of new federal subjects — the Republic of Crimea and the city of federal status of Sevastopol'.	12.9.2014

Fylgiskjal 2.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) nr. 961/2014

frá 8. september 2014

um framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 269/2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu.

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (ESB) nr. 269/2014 frá 17. mars 2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 14. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 17. mars 2014 samþykkti ráðið reglugerð (ESB) nr. 269/2014.
- 2) Með tilliti til þess hve alvarlegt ástandið er telur ráðið að rétt sé að bæta fleiri aðilum á listann yfir einstaklinga og lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir sem falla undir þvingunaraðgerðir sbr. I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 269/2014.
- 3) Því ætti að breyta I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 269/2014 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Bæta ber þeim einstaklingum og aðilum sem eru taldir upp í viðaukanum við þessa reglugerð við listann í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 269/2014.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. september 2014.

Fyrir hönd ráðsins,

S. GOZI

forseti.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 78, 17.3.2014, bls. 6.

VIÐAUKI

Skrá yfir einstaklinga og aðila sem um getur í 1. gr.

Skráin er ekki birt hér en þess í stað vísast í skrána sem er birt í viðauka við ákvörðun ráðsins 2014/658/SSUÖ, sbr. fylgiskjal 29.

Fylgiskjal 3.**ÁKVÖRDUN RÁÐSINS 2014/659/SSUÖ****frá 8. september 2014****um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu.**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 31. júlí 2014 samþykkti ráðið ákvörðun 2014/512/SSUÖ (¹).
- 2) Hinn 30. ágúst 2014 fordæmdi leiðtogaráðið aukið innstreymi hermanna og vopna frá yfirráðasvæði Rússneska sambandsríkisins inn í austurhluta Úkraínu og innrás rússnesks herafla á úkraínska grund.
- 3) Leiðtogaráðið kallaði eftir því að undirbúningsvinna að tillögum yrði hafin svo að hægt yrði að gera frekari mikilvægar ráðstafanir í ljósi þróunar á ástandinu á staðnum.
- 4) Með tilliti til þess hve alvarlegt ástandið er telur ráðið rétt að grípa til frekari þvingunaraðgerða til að bregðast við aðgerðum Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu.
- 5) Í þessu samhengi er rétt að víkka út bannið í tengslum við tiltekna fjármálagerninga. Beita ætti viðbótartakmörkunum hvað varðar aðgang að fjármagnsmarkaðnum með tilliti til fjármálastofnana í eigu rússneska ríkisins, tiltekinnna rússneskra rekstrareininga í varnargeiranum og tiltekinnna rússneskra rekstrareininga sem hafa að meginstarfsemi sölu eða flutning á olíu. Þessi bönn hafa ekki áhrif á fjármálaþjónustu sem ekki er getið í 1. gr. Einungis lán sem tekin eru eftir 12. september 2014 teljast vera ný lán.
- 6) Enn fremur ætti að banna sölu, afhendingu eða tilfærslu á vörum með tvíþætt notagildi til tiltekinnna aðila, rekstrareininga eða stofnana í Rússlandi.
- 7) Auk þess ætti að banna að láta í té þjónustu sem er nauðsynleg við olíuleit og -vinnslu í djúpu vatni, á norðurskautinu, eða til leirsteinsolíuverkefna.
- 8) Frekari aðgerða er þörf af hálfu Evrópusambandsins til þess að hrinda tilteknum aðgerðum í framkvæmd.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á ákvörðun 2014/512/SSUÖ:

- 1) Í stað 1. gr. komi eftirfarandi:

„1. gr.

1. Lagt er bann við því að kaupa eða selja, með beinum eða óbeinum hætti, eða að láta í té fjárfestingarþjónustu eða aðstoða við að gefa út, með beinum eða óbeinum hætti, eða að eiga á annan hátt viðskipti með skuldabréf, eiginfjárluta eða sambærilega fjármálagerninga með lengri binditíma en 90 daga, sem gefin eru út á tímabilinu 1. ágúst 2014 til 12. september 2014, eða með lengri binditíma en 30 daga sem gefin eru út eftir 12. september 2014 af:

- a) helstu lánastofnunum eða fjármálaþróunarstofnunum (e. finance development institutions) með staðfestu í Rússlandi og með yfir 50% eignarhlut eða yfirráð hins opinbera frá og með 1. ágúst 2014, eins og skráð er í I. viðauka,
- b) hverjum þeim lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun með staðfestu utan Sambandsins sem rekstrareining, sem skráð er í I. viðauka, á yfir 50% eignarhlut í eða
- c) hverjum þeim lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun, sem kemur fram fyrir hönd eða starfar eftir fyrirmælum rekstrareiningar í flokknum sem um getur í b-lið þessarar málsgreinar eða er skráð í I. viðauka.

2. Lagt er bann við því að kaupa eða selja, með beinum eða óbeinum hætti, eða að láta í té fjármögnunarþjónustu eða aðstoða við að gefa út, með beinum eða óbeinum hætti, eða að eiga á annan hátt viðskipti með skuldabréf, eiginfjárluti eða sambærilega fjármálagerninga með lengri binditíma en 30 daga sem gefnir eru út eftir 12. september 2014 af:

- a) rekstrareiningum með staðfestu í Rússlandi sem fást einkum við og starfa að verulegum hluta við að koma á, framleiða, selja eða flytja út herbúnað eða -þjónustu, eins og skráð er í II. viðauka, að frátöldum rekstrareiningum sem starfa með virkum hætti í geim- og kjarnorkugeirunum,
- b) rekstrareiningum með staðfestu í Rússlandi, sem eru undir yfirráðum eða meira en 50% í eigu hins opinbera og metið er svo að eigi heildareignir yfir einni trilljón rússneskra rúbla og þar sem a.m.k. 50% tekna má rekja til sölu eða flutnings á hráolíu eða jarðolíuafurðum frá og með 12. september 2014, eins og skráð er í III. viðauka,
- c) hverjum þeim lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun með staðfestu utan Sambandsins sem rekstrareining, sem um getur í a- og b-lið, á yfir 50% eignarhlut í eða
- d) hverjum þeim lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun, sem kemur fram fyrir hönd eða starfar eftir fyrirmælum rekstrareiningar í flokknum sem um getur í c-lið eða skránni í II. eða III. viðauka.

3. Lagt er bann við því að gera, með beinum eða óbeinum hætti, fyrirkomulag, eða vera hluti af því, varðandi gerð nýrra lána með yfir 30 daga binditíma í þágu lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar, sem um getur í 1. eða 2. mgr., eftir 12. september 2014, nema lán sem hafa það tilgreinda og skráða markmið að láta í té fjármögnun til innflutnings eða útflutnings á vörum og ófjárhagslegri þjónustu, sem falla ekki undir bann, milli Sambandsins og Rússlands eða lán sem hafa það tilgreinda og skráða markmið að láta í té neyðarfjármagn til að uppfylla viðmiðanir um gjaldþol og greiðsluhæfi vegna lögaðila með staðfestu í Sambandinu sem er yfir 50% í eigu rekstrareiningar sem um getur í I. viðauka.“

2) Eftirfarandi grein bætist við:

„3. gr. a

1. Lagt er bann við því að ríkisborgarar aðildarríkja selji, afhendi, tilfæri eða flytji út vörur og tækni með tvíþætt notagildi, eins og tilgreint er í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 428/2009, til aðila, rekstrareiningar eða stofnunar í Rússlandi, sem skráð er í IV. viðauka við þessa ákvörðun, eða að slíkt sé gert frá yfirráðasvæðum aðildarríkja eða að skip undir fána þeirra eða loftför þeirra séu notuð í því skyni, hvort sem vörurnar og tæknin eru upprunnin á yfirráðasvæðum þeirra eður ei.

2. Lagt er bann við því:

- a) að veita tækniástoð, miðlunarþjónustu eða aðra þjónustu, sem tengist vörum og tækni sem um getur í 1. mgr., og því að útvega, framleiða, viðhalda og nota þessar vörur og tækni, með beinum eða óbeinum hætti, til handa aðila, rekstrareiningu eða stofnun í Rússlandi sem er skráð í IV. viðauka,
- b) að veita fjármagn eða fjárhagsástoð, sem tengist vörum og tækni sem um getur í 1. mgr., þ.m.t., einkum og sér í lagi styrki, lán og útflutningsgreiðsluvátryggingar, vegna sölu, afhendingar, tilfærslu eða útflutnings þessara vara og tækni eða sem tengist því að veita tengda tækniástoð, miðlunarþjónustu eða aðra þjónustu, með beinum eða óbeinum hætti, til aðila, rekstrareiningar eða stofnunar í Rússlandi sem er skráð í IV. viðauka.

3. Bönningin í 1. og 2. mgr. skulu ekki hafa áhrif á efndir samninga eða samkomulags sem gert var fyrir 12. september 2014 og á útvegum nauðsynlegrar aðstoðar vegna viðhalds og öryggis fyrirbyggjandi getu í ESB.

4. Bönningin í 1. og 2. mgr. gilda ekki um útflutning, sölu, afhendingu eða tilfærslu á vörum og tækni með tvíþætt notagildi, sem eru fyrir flug- og geimiðnaðinn, eða tengda tækni- eða fjárhagsástoð, til annarra nota en hernaðarlegra og til endanlegs notanda á öðru sviði en hernaðarlegu, sem og til viðhalds og öryggis á fyrirbyggjandi borgaralegri kjarnorkugetu innan ESB, til annarra nota en hernaðarlegra og til endanlegs notanda á öðru sviði en hernaðarlegu.“

3) Eftirfarandi grein bætist við:

„4. gr. a

1. Lagt er bann við því að ríkisborgarar aðildarríkjanna láti í té, með beinum eða óbeinum hætti, tengda þjónustu sem er nauðsynleg vegna olíuleitar og -vinnslu í djúpu vatni, á norðurskautinu, eða til leirsteinsolíuverkefna í Rússlandi, eða að slíkt sé gert frá yfirráðasvæðum aðildarríkjanna eða með skipum eða loftförum sem lögsaga aðildarríkja nær til.

2. Bannið, sem sett er fram í 1. mgr., skal ekki hafa áhrif á efndir samninga eða rammasamninga sem gerðir eru fyrir 12. september 2014 eða fylgisamninga sem nauðsynlegir eru fyrir efndir þess háttar samninga.

3. Bannið, sem um getur í 1. mgr., gildir ekki þegar viðkomandi þjónusta er nauðsynleg til að koma án tafar í veg fyrir eða milda atburð sem líklegt má telja að hafi alvarleg og veruleg áhrif á heilbrigði og öryggi manna eða á umhverfið.“

4) Í stað a-liðar 1. mgr. 7. gr. komi eftirfarandi:

„a) rekstrareiningum sem um getur í b- eða c-lið 1. mgr. 1. gr. og c- eða d-lið 2. mgr. 1. gr. eða eru skráðar í I., II., III. eða IV. viðauka.“

5) Í stað 8. gr. komi eftirfarandi:

„8. gr.

Lagt er bann við því að taka þátt, vitandi vits eða af ásetningi, í starfsemi sem miðar að því, eða hefur þau áhrif, að bönnin, sem um getur í 1.–4. gr. a, séu sniðgengin, þ.m.t. með því að taka að sér að vera staðgengill fyrir þær rekstrareiningar sem um getur í 1. gr.“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 8. september 2014.

Fyrir hönd ráðsins,

S. GOZI

forseti.

⁽¹⁾ Ákvörðun ráðsins 2014/512/SSUÖ frá 31. júlí 2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu (Stjtið. ESB L 229, 31.7.2014, bls. 13).

VIÐAUKI

1. Viðaukinn við ákvörðun 2014/512/SSUÖ fái nýja heitið I. viðauki.
2. Eftirfarandi viðaukar bætist við:

„II. VIÐAUKI

Skrá yfir lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir sem um getur í a-lið 2. mgr. 1. gr.

OPK OBORONPROM

UNITED AIRCRAFT CORPORATION

URALVAGONZAVOD

III. VIÐAUKI

Skrá yfir lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir sem um getur í b-lið 2. mgr. 1. gr.

ROSNEFT

TRANSNEFT

GAZPROM NEFT

IV. VIÐAUKI

Skrá yfir lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir sem um getur í 3. gr. a.

JSC Sirius (optoelectronics for civil and military purposes)

OJSC Stankoinstrument (mechanical engineering for civil and military purposes)

OAO JSC Chemcomposite (materials for civil and military purposes)

JSC Kalashnikov (small arms)

JSC Tula Arms Plant (weapons systems)

NPK Technologii Maschinostrojenija (ammunition)
 OAO Wysokototschnye Kompleksi (anti-aircraft and anti-tank systems)
 OAO Almaz Antey (state-owned enterprise; arms, ammunition, research)
 OAO NPO Bazalt (state-owned enterprise, production of machinery for the production of arms and ammunition)'.
 '.

Fylgiskjal 4.

REGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) nr. 959/2014

frá 8. september 2014

um breytingu reglugerðar (ESB) nr. 269/2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu.

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 215. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins 2014/145/SSUÖ frá 17. mars 2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu ⁽¹⁾,

með hliðsjón af sameiginlegri tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð ráðsins (ESB) nr. 269/2014 ⁽²⁾ koma til framkvæmda tiltekna aðgerðir, sem kveðið er á um í ákvörðun 2014/145/SSUÖ, auk þess sem þar er kveðið á um frystingu fjármuna og efnahagslegs auðs einstaklinga sem bera ábyrgð á, styðja með virkum hætti eða framkvæma aðgerðir eða stefnur, sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu eða stöðugleika eða öryggi í Úkraínu, eða sem hindra starf alþjóðastofnana í Úkraínu, og einstaklinga eða lögaðila, rekstrareininga eða stofnana sem þeim tengjast; lögaðila, rekstrareininga eða stofnana sem styðja efnislega eða fjárhagslega aðgerðir sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu; lögaðila, rekstrareininga eða stofnana á Krim eða í Sevastopol, þar sem eignarhald hefur verið yfirfært í trássi við úkraínsk lög, eða lögaðila, rekstrareininga eða stofnana sem hafa hagnast á slíkri yfirfærslu, eða einstaklinga eða lögaðila, rekstrareininga eða stofnana, sem styðja með virkum hætti, efnislega eða fjárhagslega, rússneska ákvarðanatökuaðila, sem bera ábyrgð á innlimun Kríms eða því að grafa undan stöðugleika í austanverðri Úkraínu, eða sem hagnast á þeim.
- 2) Hinn 8. september 2014 samþykkti ráðið að vikka út þvingunaraðgerðirnar með það að markmiði að þær nái til einstaklinga eða rekstrareininga sem stunda viðskipti við hópa aðskilnaðarsinna í Donbass-héraði í Úkraínu. Ráðið samþykkti ákvörðun 2014/658/SSUÖ ⁽³⁾ sem breytir ákvörðun 2014/145/SSUÖ og kveður á um breyttar viðmiðanir fyrir skráningu á lista í því skyni.
- 3) Þessi aðgerð fellur undir gildissvið sáttmálans og því er lagasetning á vettvangi Evrópusambandsins nauðsynleg til að hrinda henni í framkvæmd, einkum til að tryggj sé að henni sé beitt með sama hætti í öllum aðildarríkjunum.
- 4) Því ber að breyta reglugerð (ESB) nr. 269/2014 til samræmis við það.
- 5) Reglugerð þessi ætti að öðlast gildi án tafar til þess að tryggj sé að þær aðgerðir sem þar er kveðið á um skili árangri.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 269/2014:

„e) einstaklinga, lögaðila, rekstrareingar eða stofnanir sem stunda viðskipti við hópa aðskilnaðarsinna í Donbass-héraði í Úkraínu.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. september 2014.

Fyrir hönd ráðsins,

S. GOZI

forseti.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 78, 17.3.2014, bls. 16.

⁽²⁾ Ákvörðun ráðsins 269/2014/SSUÖ frá 17. mars 2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu (Stjtið. ESB L 78, 17.3.2014, bls.16).

⁽³⁾ Ákvörðun ráðsins 2014/658/SSUÖ frá 8. september 2014 um breytingu á ákvörðun 2014/145/SSUÖ um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu (Stjtið. ESB L 271, 12.9.2014, bls. 47).

Fylgiskjal 5.

REGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) NR. 960/2014

frá 8. september 2014

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 833/2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu.

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 215. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins 2014/659/SSUÖ frá 8. september 2014 um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu ⁽¹⁾,

með hliðsjón af sameiginlegri tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð ráðsins (ESB) nr. 833/2014 ⁽²⁾ koma til framkvæmda tilteknar aðgerðir sem kveðið er á um í ákvörðun ráðsins 2014/512/SSUÖ ⁽³⁾. Þessar aðgerðir samanstanda af takmörkunum á útflutningi vara og tækni með tvíþætt notagildi, takmörkunum á tengdri þjónustu og á tiltekinni þjónustu í tengslum við afhendingu vopna og herbúnaðar, takmörkunum á beinni eða óbeinni sölu, afhendingu, tilfærslu eða útflutningi á tiltekinni tækni fyrir olíuðnaðinn í Rússlandi, í formi kröfu um fyrirframleyfi, og takmörkunum á aðgangi tiltekinna fjármálastofnana að fjármagnsmarkaði.
- 2) Ríkis- eða ríkisstjórnarleiðtogar í Evrópusambandinu kölluðu eftir því að undirbúningsvinna varðandi frekari markvissar aðgerðir yrði hafin þannig að grípa mætti til frekari aðgerða án tafar.
- 3) Með tilliti til þess hve alvarlegt ástandið er telur ráðið rétt að grípa til frekari þvingunaraðgerða til að bregðast við aðgerðum Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu.
- 4) Í þessu samhengi er rétt að beita viðbótartakmörkunum á útflutning vara og tækni með tvíþætt notagildi, eins og mælt er fyrir um í reglugerð ráðsins (EB) nr. 428/2009 ⁽⁴⁾.
- 5) Enn fremur ætti að banna veitingu þjónustu vegna olíuleitar og -vinnslu í djúpu vatni, á norðurskautinu, eða vegna leirsteinsolíuverkefna.
- 6) Til þess að setja þrýsting á ríkisstjórn Rússlands er einnig rétt að beita frekari takmörkunum á aðgang tiltekinna fjármálastofnana að fjármagnsmarkaði, þó ekki stofnana á rússnesku landsvæði með stöðu alþjóðastofnunar samkvæmt milliríkjasamningum þar sem Rússland er einn af hluthöfnum, takmörkunum gagnvart lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum í varnargeiranum sem hafa staðfestu í Rússlandi, þó ekki þeim sem starfa einkum í geim- og kjarnorkuiðnaði, og takmörkunum gagnvart lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum með staðfestu í Rússlandi sem starfa einkum við sölu eða flutning á hráolíu eða jarðolíuafurðum. Fjármálaþjónusta, greiðsluþjónusta, tryggingaþjónusta, lán frá stofnunum sem um getur í 1. og 2. mgr. 5. gr. þeirrar reglugerðar og afleiður sem eru notaðar til áhættuvarna á orkumarkaðnum, falla ekki undir þessar takmarkanir. Einungis lán sem tekin eru eftir 12. september 2014 teljast vera ný lán.

- 7) Þessar aðgerðir falla undir gildissvið sáttmálans og því er lagasetning á vettvangi Evrópusambandsins nauðsynleg, einkum til að tryggja sé að þeim sé beitt með sama hætti í öllum aðildarríkjunum.
- 8) Reglugerð þessi ætti að öðlast gildi án tafar til þess að tryggja sé að þær aðgerðir sem þar er kveðið á um skili árangri.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 833/2014 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað e- og f-liðar 1. gr. komi eftirfarandi:

„e) „fjárfestingarþjónusta“: eftirfarandi þjónusta og starfsemi:

- i. móttaka og miðlun fyrir mæla varðandi einn eða fleiri fjármálagerninga,
- ii. framkvæmd fyrir mæla fyrir hönd viðskiptavina,
- iii. viðskipti fyrir eigin reikning,
- iv. stýring verðbréfasafna,
- v. fjárfestingaráðgjöf,
- vi. sölutrygging fjármálagerninga og/eða markaðssetning fjármálagerninga á skuldbindandi grundvelli,
- vii. markaðssetning fjármálagerninga sem er ekki á skuldbindandi grundvelli,
- viii. hvers konar þjónusta í tengslum við töku verðbréfa til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eða viðskipta á markaðstorgi fjármálagerninga,

- f) „framseljanleg verðbréf“: eftirfarandi flokkar verðbréfa sem unnt er að versla með á fjármagnsmarkaði, að undanskildum greiðsluskjölum:

- i. hlutabréf í fyrirtækjum og önnur verðbréf sem eru ígildi hlutabréfa í fyrirtækjum, sameignarfélagum eða öðrum einingum og innlánskírteini vegna hlutabréfa,
- ii. skuldabréf eða tryggð skuldaskjöl, þ.m.t. innlánskírteini vegna slíkra verðbréfa,
- iii. önnur verðbréf sem veita rétt til að kaupa eða selja framseljanleg verðbréf.“

- 2) Eftirfarandi grein bætist við:

„2. gr. a

1. Lagt er bann við því að selja, afhenda, tilfæra eða flytja út, með beinum eða óbeinum hætti, þær vörur og tækni með tvíþætt notagildi sem er að finna í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 428/2009, hvort sem þær eru upprunnar í Evrópusambandinu eða ekki, til einstaklinga eða lögaðila, rekstrareininga eða stofnana í Rússlandi sem skráð eru í IV. viðauka við þessa reglugerð.

2. Lagt er bann við því:

- a) að veita tækniástoð, miðlunarþjónustu eða aðra þjónustu, sem tengist vörum og tækni sem um getur í 1. mgr. og því að útvega, framleiða, viðhalda og nota þessar vörur og þjónustu, með beinum eða óbeinum hætti, til handa aðila, rekstrareiningu eða stofnun í Rússlandi sem er skráð í IV. viðauka,
- b) að veita fjármagn eða fjárhagsástoð, sem tengist vörum og tækni, sem um getur í 1. mgr., þ.m.t. einkum og sér í lagi styrki, lán og útflutningsgreiðsluvátryggingar, vegna sölu, afhendingar, tilfærslu eða útflutnings þessara vara og tækni eða sem tengist því að veita tengda tækniástoð, miðlunarþjónustu eða aðra þjónustu, með beinum eða óbeinum hætti til aðila, rekstrareiningar eða stofnunar í Rússlandi sem er skráð í IV. viðauka.

3. Bönningur í 1. og 2. mgr. skulu ekki hafa áhrif á efnidir samninga eða samkomulags sem gerð eru fyrir 12. september 2014 og á útvegum nauðsynlegrar aðstoðar vegna viðhalds og öryggis fyrir liggjandi getu í Evrópusambandinu.

4. Bönningur í 1. og 2. mgr. gilda ekki um sölu, afhendingu, tilfærslu eða útflutning vara og tækni með tvíþætt notagildi, sem eru ætlaðar til flug- og geimiðnaðar, eða tengda veitingu tækni- og fjárhagsástoðar, til annarra nota en hernaðarlegra og til endanlegs notanda á öðru sviði en hernaðarlegra, sem og til viðhalds og öryggis á fyrir liggjandi borgaralegri kjarnorkugetu innan ESB, til annarra nota en hernaðarlegra og til endanlegs notanda á öðru sviði en hernaðarlegra.“

- 3) Eftirfarandi grein bætist við:

„3. gr. a

1. Lagt er bann við því að láta í té, með beinum eða óbeinum hætti, eftirfarandi tengda þjónustu sem er nauðsynleg vegna olíuleitar og -vinnslu í djúpu vatni, á norðurskautinu, eða vegna leirsteinsolíuverkefna í Rússlandi:
 - i. borun, ii. prófun á borholum, iii. jarðeðlisfræðilegar borholumælingar og frágangur, iv. framboð á sérhönnuðum fljótandi förum.
 2. Bönnin, sem eru sett fram í 1. mgr., skulu ekki hafa áhrif á efndir skuldbindingar sem stofnast með samningi eða rammasamningi sem er gerður fyrir 12. september 2014 eða fylgisamninga sem nauðsynlegir eru til efndar slíkra samninga.
 3. Bannið í 1. mgr. gildir ekki þegar viðkomandi þjónusta er nauðsynleg til að koma án tafar í veg fyrir eða milda atburð sem líklegt má telja að hafi alvarleg og veruleg áhrif á heilbrigði og öryggi manna eða á umhverfið.“
- 4) Í stað b-liðar 1. mgr. 4. gr. komi eftirfarandi:
- „b) að veita, með beinum eða óbeinum hætti, fjármagn eða fjárhagsaðstoð, sem tengist vörum og tækni sem eru á sameiginlega hergagnalistanum, þ.m.t. einkum og sér í lagi, styrkir, lán og útflutningsgreiðsluátryggingar eða -ábyrgðir, sem og tryggingar og endurtryggingar, vegna sölu, afhendingar, tilfærslu eða útflutnings slíkra hluta, eða sem tengist því að veita tengda tæknaaðstoð til einstaklings eða lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar í Rússlandi eða til notkunar í Rússlandi,“.
- 5) Í stað 5. gr. komi eftirfarandi:

„5. gr.

1. Lagt er bann við því að kaupa, selja, miðla fjárfestingarþjónustu eða aðstoða við að gefa út eða eiga á annan hátt viðskipti, með beinum eða óbeinum hætti, með framseljanleg verðbréf og peningamarkaðsgerninga með lengri binditíma en 90 daga, sem gefin eru út á tímabilinu frá 1. ágúst 2014 til 12. september 2014, eða lengri binditíma en 30 daga, sem eru gefin út eftir 12. september 2014, af:
 - a) stórum lánastofnunum eða öðrum stórum stofnunum sem hafa skýrt umboð til að efla samkeppnishæfni rússneska hagkerfisins, auka fjölbreytni þess og hvetja til fjárfestinga, með staðfestu í Rússlandi og með yfir 50% eignarhlut eða yferráð hins opinbera frá og með 1. ágúst 2014, sbr. skrá í III. viðauka eða
 - b) lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun með staðfestu utan Sambandsins, sem rekstrareining, sem er skráð í III. viðauka, á yfir 50% eignarhlut í, með beinum eða óbeinum hætti, eða
 - c) lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun, sem kemur fram fyrir hönd eða starfar eftir fyrirmælum rekstrareiningar sem um getur í b-lið þessarar málsgreinar eða í skránni í III. viðauka.
2. Lagt er bann við því að kaupa, selja, miðla fjárfestingarþjónustu eða aðstoða við að gefa út eða eiga á annan hátt viðskipti, með beinum eða óbeinum hætti, með framseljanleg verðbréf og peningamarkaðsgerninga með lengri binditíma en 30 daga, sem gefin eru út eftir 12. september 2014 af:
 - a) lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun með staðfestu í Rússlandi sem fæst einkum við og sem starfar að verulegum hluta við að koma á, framleiða, selja eða flytja út herbúnað eða -þjónustu, eins og skráð er í V. viðauka, að frátöldum lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem starfa í geim- eða kjarnorkugeirunum,
 - b) lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun með staðfestu í Rússlandi, sem er undir yferráðum eða meira en 50% í eigu hins opinbera og metið er svo að eigi heildareignir yfir einni trilljón rússneskra rúbla og þar sem a.m.k. 50% tekna má rekja til sölu eða flutnings á hráolíu eða jarðolíuafurðum, eins og skráð er í VI. viðauka,
 - c) lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun með staðfestu utan Sambandsins, sem rekstrareining, sem er skráð í a- eða b-lið þessarar málsgreinar, á yfir 50% eignarhlut í, með beinum eða óbeinum hætti, eða
 - d) lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun, sem kemur fram fyrir hönd eða starfar eftir fyrirmælum rekstrareiningar sem um getur í a-, b- eða c-lið þessarar málsgreinar.
3. Lagt er bann við því að gera, með beinum eða óbeinum hætti, fyrirkomulag, eða vera hluti af því, varðandi gerð nýrra lána með yfir 30 daga binditíma í þágu lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar, sem um getur í 1. eða 2. mgr., eftir 12. september 2014, nema lán sem hafa það tilgreinda og skráða markmið að láta í té fjármögnun til innflutnings eða útflutnings á vörum og ófjárhagslegri þjónustu, sem falla ekki undir bann, milli Sambandsins og Rússland eða lán sem hafa það tilgreinda og skráða markmið að láta í té

neyðarfjármagn til að uppfylla viðmiðanir um gjaldþol og greiðsluhæfi vegna lögaðila með staðfestu í Sambandinu sem er yfir 50% í eigu rekstrareiningar sem um getur í III. viðauka.“

5a) Í stað a-liðar 1. mgr. 11. gr. komi eftirfarandi:

„a) rekstrareiningum sem um getur í b- og c-lið 1. mgr. 5. gr. og c- og d-lið 2. mgr. 5. gr. eða eru skráðar í III., IV., V. og VI. viðauka,“.

6) Í stað 12. gr. komi eftirfarandi:

„12. gr.

Lagt er bann við því að taka þátt, vitandi vits og af ásetningi, í starfsemi sem miðar að því, eða hefur þau áhrif, að bönnin, er um getur í 2. gr., 2. gr. a, 3. gr. a, 4. gr. eða 5. gr., séu sniðgengin, þ.m.t. með því að taka að sér að vera staðgengill fyrir þær rekstrareiningar sem um getur í 5. gr. eða nýta undantekningarnar í 3. mgr. 5. gr. til að fjármagna rekstrareiningar sem um getur í 5. gr.“

7) Ákvæði I. viðauka við þessa reglugerð bætist við sem IV. viðauki.

8) Ákvæði II. viðauka við þessa reglugerð bætist við sem V. viðauki.

9) Ákvæði III. viðauka við þessa reglugerð bætist við sem VI. viðauki.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. september 2014.

Fyrir hönd ráðsins,

S. GOZI

forseti.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 271, 12.9.2014, bls. 54.

⁽²⁾ Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 833/2014 frá 31. júlí 2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu (Stjtið. ESB L 229, 31.7.2014, bls. 1).

⁽³⁾ Ákvörðun ráðsins 2014/512/SSUÖ frá 31. júlí 2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu (Stjtið. ESB L 229, 31.7.2014, bls. 13).

⁽⁴⁾ Reglugerð ráðsins (EB) nr. 428/2009 frá 5. maí 2009 um að setja Bandalagsreglur um eftirlit með útflutningi, flutningi, miðlun og umflutningi hluta með tvíþætt notagildi (Stjtið. ESB L 134, 29.5.2009, bls. 1).

I. VIÐAUKI

„IV. VIÐAUKI

Listi yfir einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir sem um getur í 2. gr. a.

JSC Sirius (ljósrafeindur í borgaralegum og hernaðarlegum tilgangi)

OJSC Stankoinstrument (vélaverkfræði í borgaralegum og hernaðarlegum tilgangi)

OAO JSC Chemcomposite (efni í borgaralegum og hernaðarlegum tilgangi)

JSC Kalashnikov (smávopn)

JSC Tula Arms Plant (vopnakerfi)

NPK Technologii Maschinostrojenija (skotfæri)

OAO Wysokototschnye Kompleksi (kerfi til að granda loftförum og skriðdrekum)

OAO Almaz Antey (fyrirtæki í eigu ríkisins, vopn, skotfæri, rannsóknir)

OAO NPO Bazalt (state-owned enterprise, production of machinery for the production of arms and ammunition“.

II. VIÐAUKI

„V. VIÐAUKI

Listi yfir aðila, rekstrareiningar og stofnanir sem um getur í a-lið 2. mgr. 5. gr.

OPK OBORONPROM

UNITED AIRCRAFT CORPORATION

URALVAGONZAVOD“.

III. VIÐAUKI

„VI. VIÐAUKI

Listi yfir aðila, lögaðila, rekstraraðila og stofnanir sem um getur í b-lið 2. mgr. 5. gr.

ROSNEFT

TRANSNEFT

GAZPROM NEFT“.